

Skipulags- og samgönguráð

Ár 2021, miðvikudaginn 5. maí kl. 11:04, var haldinn 103. fundur skipulags- og samgönguráðs Reykjavíkur. Eftirtaldir fulltrúar tóku sæti á fundinum með fjarfundarbúnaði með vísan til heimilda í auglýsingu nr. 1436/2020 um ákvörðun samgöngu- og sveitarstjórnarráðherra, skv. VI. bráðabirgðaákvæði sveitarstjórnarlaga nr. 138/2011: Pawel Bartoszek, Hjálmar Sveinsson, Aron Leví Beck, Alexandra Briem, Eyþór Laxdal Arnalds, Marta Guðjónsdóttir, Katrín Atladóttir og áheyrnarfulltrúarnir Vigdís Hauksdóttir, Kolbrún Baldursdóttir og Sanna Mörtudóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn Ólöf Örvarsdóttir, Þorsteinn Rúnar Hermannsson og Sigurjóna Guðnadóttir. Eftirtaldir embættismenn og aðrir starfsmenn sátu fundinn með fjarfundarbúnaði: Björn Axelsson. Fundarritari var Glóey Helgudóttir Finnsdóttir.

Petta gerðist:

(A) Skipulagsmál

1. Afgreiðslufundir skipulagsfulltrúa Reykjavíkur, fundargerð Mál nr. SN010070

Lagðar fram fundargerðir embættisafgreiðslufunda skipulagsfulltrúa frá 30. apríl 2021.

(E) Samgöngumál

2. Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025, drög Mál nr. US210119

Kynning á drögum að Hjólreiðaáætlun Reykjavíkur 2021-2025

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Þetta er metnaðarfull áætlun og virðist hafa verið hugsað fyrir flestu. Í hjólreiðaáætlun er markmiðið að aðskilja gangandi og hjólandi umferð frá megin stofnleiðum borgarinnar. Tekið er undir mikilvægi þess að hvetja börn og ungmenni til að hjóla og samhliða verður að tryggja öryggi þeirra sem best. Fram kemur að drengir hjóla meira en stúlkur. Orsakir þess eru fjölbættar að mati fulltrúa Flokks fólksins og væri áhugavert að skoða þær nánar. Hér er um langtíma verkefni að ræða sem mun taka sinn tíma. Forvitnilegt væri að fá flokkun á hjólastígum eftir öryggi þeirra og „gæðum“. Víða eru stígar blandaðir, hjóla- og göngustígar sem eru upphaflega hannaðir sem göngustígar. Fulltrúi Flokks fólksins hefur viljað skerpa á reglum á þessum stígum, taka fræðslu um reglur á hjólastígum (hjólakennslu) inn í skólana sem dæmi. Flokkur fólksins bendir jafnframt á að tilefni kann að vera til að auka eftirlit með umferð á blönduðum stígum vegna t.d. mikillar umferðar á rafknúnum vespum, raf-hlaupahjólum og öðrum minni vélknúnum farartækjum. Á sínum tíma var lögð lína þar sem gangandi fengu tvo metra og hjól einn metra. Sú lína er ekki lengur þar sem umferð á stígum hefur aukist mikið.

Katrín Atladóttir, formaður stýrihópsins, tekur sæti á fundinum undir þessum lið með fjarfundabúnaði.

3. Tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi., USK2021040088 Mál nr. US210120

Lögð fram tillaga Vegagerðarinnar um lækkun hámarkshraða á Bústaðavegi dags. 23. apríl 2021 til afgreiðslu. Einnig er lögð fram umsögn Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 28. apríl 2021.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins styður að hámarks hraðinn verði minnkaður úr 60 km/ klst í 50 km/klst. 60 kílómetrar á klukkustund er of mikill hraði á götu sem sker íbúðahverfi. Bústaðavegur þarf ekki að vera meginstofnbraut.

4. Frakkastígur, vöruafhendingarstæði, Mál nr. US210121
USK2021020121

Lögð fram tillaga Umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar dags. 28. apríl 2021 þar sem lagt er til við skipulags- og samgönguráð að samþykkt verði að:

- stæði á Frakkastíg, vestan götunnar, við Njálsgötu 23 og Frakkastíg 16, verði merkt sem stæði fyrir vöruafhendingu.

- stæði austan Frakkastígs, á sama svæði, verði felld niður til að tryggja aðgengi sorphirðu- og neyðarbíla.

Ofangreind ráðstöfun verði merkt með viðeigandi umferðarmerkjum og yfirborðsmerkingu þar sem það á við, í samræmi við reglugerð 289/1995 um umferðarmerki og notkun þeirra ásamt áorðnum breytingum.

Tillöggunni fylgir greinargerð.

Samþykkt með vísan til c liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs í samræmi við 1. og 3. mgr. 84. gr. umferðarlaga nr. 77/2019.

(B) Skipulagsmál

5. Reykjavíkurvegur 31B, skipting lóðar (06.355) Mál nr. SN210222
190488-2689 Aron Ingi Óskarsson, Laugalækur 1, 105 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arons Inga Óskarssonar dags. 18. mars 2021 um skiptingu lóðarinnar nr. 31B við Reykjavíkurveg. Einnig er lögð fram drög að lóðarblaði dags. 31. mars 2019 og afsalsbréf dags. 10. ágúst 1988. Jafnframt er lögð fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.

Synjað er beiðni um breytingu á skiptingu lóðar með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.

Vísað til borgarráðs.

6. Hraunbær 133, breyting á deiliskipulagi (04.341.1) Mál nr. SN210046
531200-3140 Teiknistofa ark Gylfi G/fél ehf, Vegmúla 2, 108 Reykjavík
490916-0670 Bjarg íbúðafélag hses., Kletthálsi 1, 110 Reykjavík

Að lokinni auglýsingu er lögð fram að nýju umsókn Teiknistofunnar Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 18. janúar 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Hraunbæjar-Bæjarháls vegna lóðarinnar nr. 133 við Hraunbæ. Í breytingunni felst að íbúðum er fjölgað um 6 úr 58 íbúðum í 64 íbúðir, bílastæðakrafa er lækkuð lítillega úr 1 stæði pr. íbúð í 0,9 stæði pr. íbúð, skilgreindur er nýr byggingarreitur fyrir sorpgerði milli byggingarreita A3 og A1 og gerðar eru breytingar á sérskilmálum til samræmis við reit C, samkvæmt uppdr. Teiknistofunnar Gylfa Guðjónssonar og félaga ehf. dags. 12. janúar 2021. Einnig eru lagðir fram fyrirspurnarteikningar dags. 15. og 18. janúar 2021. Tillagan var auglýst frá 2. mars 2021 til og með 13. apríl 2021. Eftirtaldir sendu athugasemdir: Ingi B. Erlingsson f.h. bílastæðasjóðs Hraunbæjar 118-140 dags. 8. apríl 2021, Jóhanna Ýr Hallgrímsdóttir f.h. húsfélagsins í Hraunbæ 144 dags. 8. apríl 2021 og Tómas Hansson dags. 13. apríl 2021. Erindinu var vísað til umsagnar verkefnisstjóra á embættisafgreiðslufundi skipulagsfulltrúa 16. apríl

2021 og er nú lagt fram að nýju ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 30. apríl 2021.

Samþykkt sbr. 3. mgr. 41. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

Vísað til borgarráðs.

7. Stjórngróf 7-11, breyting á (01.8) Mál nr. SN210310
deiliskipulagi

Lögð fram tillaga umhverfis- og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa, að breytingu á deiliskipulagi Fossvogshverfis, með síðari breytingum, vegna lóðarinnar nr. 7-11 við Stjórngróf. Í breytingunni felst breikkun á göngu- og hjólastíg vestan við Stjórngróf og niðurfellingu kvaðar um snjóbræðslu á stígnum norðan við Stjórngróf 7 innan lóða á reit A og B, samkvæmt uppdr. A2F arkitekta ehf. dags. 16. apríl 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá.

8. Blikastaðavegur 2-8, breyting á (02.4) Mál nr. SN200629
deiliskipulagi

531107-0550 Arkís arkitektar ehf., Kleppsvegi 152, 104 Reykjavík
581011-0400 Korputorg ehf., Tunguhálsi 6, 110 Reykjavík

Lögð fram umsókn Arkís Arkitekta ehf. dags. 8. október 2020 varðandi breytingu á deiliskipulagi fyrir lóðina nr. 2-8 við Blikastaðaveg. Í breytingunni felst að leiðrétta lóðastærð, bæta við tveimur byggingarreitum og auka byggingarmagn um 12.500 m². Þá eru bílastæðakröfur uppfærðar. Við útfærslu bygginga skal gæta að heildar samræmi á lóðinni og ásýndum bygginga og brjóta upp lengd húshliðar sem vísa að Vesturlandsvegi. samkvæmt uppdr. Arkís Arkitekta ehf. dags. 5. október 2020.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010.

Vísað til borgarráðs.

9. Pósthússtræti 3 og 5, breyting á (01.140.3) Mál nr. SN210240
deiliskipulagi

440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík
530117-0730 Reitir - skrifstofur ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 26. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Kyosarinnar, með síðari breytingum, vegna lóðanna nr. 3 og 5 við Pósthússtræti. Í breytingunni felst færsla á lóðamörkum lóðanna um 1,5 metra þannig að lóð nr. 3 minnkar og lóð nr. 5 stækkar sem því nemur, samkvæmt uppdr. THG Arkitekta ehf. dags. 29. apríl 2021.

Samþykkt að falla frá kynningu þar sem breyting á deiliskipulagi varðar ekki hagsmuni annarra en umsækjanda með vísan til 2. ml. 3. mgr. 44. gr. skipulagslaga nr. 123/2010. Samþykkt með vísan til a liðar 1. gr. í viðauka 1.1 um fullnaðarafgreiðslur skipulags- og samgönguráðs án staðfestingar borgarráðs.

10. Mýrargata 18, breyting á deiliskipulagi (01.116.3) Mál nr. SN210194
440703-2590 THG Arkitektar ehf., Faxafeni 9, 108 Reykjavík

Lögð fram umsókn THG Arkitekta ehf. dags. 11. mars 2021 varðandi breytingu á deiliskipulagi Vesturbuftar vegna lóðarinnar nr. 18 við Mýrargötu. Í breytingunni felst að lóðarmörk Mýrargötu eru rýmkuð um 2 metra til norðurs og 3 metra til austurs auk þess að kvöð um göngustíg á milli Mýrargötu 18 og Mýrargötu 16 er felld niður, samkvæmt uppd. THG Arkitekta ehf. dags. 2. mars 2021.

Samþykkt að taka 10. mál, Mýrargötu 18, breyting á deiliskipulagi, á dagskrá.

Samþykkt að auglýsa framlagða tillögu, skv. 1. mgr. 41. gr. sbr. 1. mgr. 43. gr. skipulagslaga nr. 123/2010 með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins sitja hjá. Vísað til borgarráðs.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Mikilvægt er að halda þessari gönguleið opinni fyrir almenning. Víða er þrengt að aðgengi fólks að gömlu höfninni meðal annars með fyrirhuguðum byggingum í nágrenninu. Mikilvægt er að ekkert sé í vegi fyrir fólki, hvorki ruslageymslur eða annað þar sem þessi gönguleið er þröng en mikilvæg til að halda flæði gangandi fólks.

(C) Byggingarmál

11. Afgreiðslufundur byggingarfulltrúa, Mál nr. BN045423
fundargerð

Fylgiskjal með fundargerð þessari er fundargerð afgreiðslufundar byggingarfulltrúa nr. 1112 frá 27. apríl 2021.

12. Naustabryggja 31-33, kæra 39/2021, (04.023.2) Mál nr. SN210247
umsögn
701211-0140 Úrskurðarnefnd umhverfis/auðlin, Borgartúni 21, 105 Reykjavík

Lagt fram erindi úrskurðarnefndar umhverfis- og auðlindamála dags. 26. mars 2021 ásamt kæru dags. 22. mars 2021 þar sem kærð er ákvörðun byggingarfulltrúans í Reykjavík um að hafna kröfu húsfélags Naustabryggju 31-33 um að tryggja aðgengi hreyfihamlaða að húsinu. Einnig er lögð fram umsögn skrifstofu sviðsstjóra dags. 27. apríl 2021.

13. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210118

Hversu mikið mun umferð um Ártúnsbrekku aukast við nýja byggð við Ártúnshöfða án áhrifa Sundabrautar? Stórt nýtt hverfi við Höfðann mun auka enn frekar á umferðarþunga við Ártúnsbrekku, en bygging Sundabrautar mun létta á umferðinni og því brýnt að hún verði að veruleika sem fyrst.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar.

14. Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Mál nr. US210124
Sjálfstæðisflokksins, um lóðirnar
Jöfursbás 11 Gufunesveg 34 Þengilsbás 1
og Jöfursbás 5 og 7 - R21040331

Lögð fram svohljóðandi fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem barst borgarráði 29. apríl 2021 og var vísað til meðferðar skipulags- og samgönguráðs dags. 30. apríl 2021:

BORGARRÁÐ 29. apríl 2021: Fyrirspurn borgarráðsfulltrúa Sjálfstæðisflokksins um lóðirnar Jöfursbás 11 Gufunesveg 34 Þengilsbás 1

og Jöfursbás 5 og 7 - R21040331 Tvær breytingar hafa verið gerðar á Jöfursbás 11, ein breyting á Gufunesvegi 34 og Þengilsbás 1 og ein breyting á Jöfursbás 5 og 7. Óskað er eftir upplýsingum um hvenær var óskað eftir breytingunum. Þá er óskað að upplýst verði um tafir og hvers vegna þær tafir hafa orðið.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skipulagsfulltrúa.

15. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, um málun bílastæða/gatna í miðbænum Mál nr. US210116

Fyrirspurn um málun bílastæða/gatna í miðbænum. Fulltrúi Flokks fólksins óskar að fá upplýsingar um stöðu mála um málun bílastæða/gatna í miðbænum. Fulltrúi Flokks fólksins spyr einnig hver hefur umsjón með málningu gatna/bílastæða hér í miðbænum? Ástæða fyrirspurna er að borið hefur á því að hlaupið hefur verið frá óloknu verki með þeim afleiðingum að öikumenn eiga erfitt með að sjá hvar stæði enda og byrja. Skort hefur á eftirliti með verkum eða þau hreinlega eftirlitslaus? Tryggja þarf ábyrgt eftirlit með málum af þessu tagi eins og öðrum málum.

Vísað til umsagnar umhverfis - og skipulagssviðs, skrifstofu framkvæmda og viðhalds.

16. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um úttekt á götuþrifum Norðurlandanna Mál nr. US210117

Sjálfstæðisflokkurinn óskar að gerð verði úttekt á fyrirkomulagi götuþrifa í öllum höfuðborgum Norðurlandanna. Niðurstöðunni verði skilað til skipulags- og samgönguráðs fyrir 15. ágúst 2021.

Vísað til umsagnar umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu reksturs og umhirðu.

17. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, um bætt umferðaröryggi við Álmgærði, umsögn- USK2021040030 Mál nr. US210081

Lögð fram umsögn umhverfis- og skipulagssviðs, skrifstofu samgöngustjóra og borgarhönnunar, dags. 27. apríl 2020.

Umsögn samgöngustjóra, dags. 27. apríl 2020, samþykkt með fjórum atkvæðum fulltrúa Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata. Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins greiða atkvæði gegn samþykkis umsagnarinnar.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tekið er undir að æskilegt er að ráðast í aðgerðir við Álmgærði í því skyni að lækka hraða í götunni og auka þar umferðaröryggi. Aðgerðir í umferðaröryggismálum eru valdar á hverju ári og þeim forgangsraðað þannig að þær sem auki öryggi gangandi mest fyrir það fé sem til staðar eru valdar. Því miður er þó ekki unnt að forgangsraða þessum aðgerðum á kostnað annarra umferðaraukandi framkvæmda sem á dagskrá eru. Tillagan er því felld þótt vonir standi til að hægt verði að ráðast í aðgerðir við Álmgærði í framtíðinni.

Fulltrúar Sjálfstæðisflokksins leggja fram svohljóðandi bókun:

Það er dapurlegt að meirihlutinn skuli fella þessa umferðaröryggistillögu. Hér er lagt til að bæta öryggi gangandi vegfarenda og ef fjárskortur er ástæðan væri rétt að vísa henni til fjárhagsáætlunargerðar.

- Kl. 12:49 Víkur Marta Guðjónsdóttir af fundi.

18. Tillaga áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Mál nr. US210114
um leiksvæði

Fulltrúi Flokks fólksins leggur það til við skipulagsyfirvöld að huga sérstaklega að leiksvæðum barna þegar verið er að þetta byggð. Þéttingarstefna meirihlutans í borgarstjórn tekur of mikinn toll bæði á græn svæði og leiksvæði barna. Í fyrsta sinn í sögu Reykjavíkur mótmæla börn með skipulögðum hætti. Þéttingarstefnan virðist engu eira því byggja skal á hvern blett, stóran og smáan í þeirri von að borgarlína nýtist. Fólk á vissum svæðum í Reykjavík mun reyndar ekki eiga annan valkost en að nota almenningssamgöngur eða hjól þar sem að við íbúðabyggð á vissum stöðum í Reykjavík verða fá bílastæði. Börn hafa mótmælt þéttingu byggðar við Vatnshólinn í nágrenni Sjómannaskólans, vinsælt leiksvæði barna. Fulltrúi Flokks fólksins bendir á að Reykjavík er líka borga barnanna sem þar búa. Í allri þessari þéttingu má ætla að skólar þurfi ýmist að stækka eða byggja verði nýja. Varla verða eftir reitir fyrir slíkar framkvæmdir ef heldur sem horfir.

Tillögunni er vísað frá með fjórum atkvæðum Fulltrúum Samfylkingarinnar, Viðreisnar og Pírata, gegn tveimur atkvæðum fulltrúa Sjálfstæðisflokksins sem sitja hjá.

Fulltrúar Samfylkingarinnar, Pírata og Viðreisnar leggja fram svohljóðandi bókun:

Tillagan er ekki eiginleg tillaga um aðgerðir sem stjórnvísla borgarinnar getur gripið til heldur lýsing á skoðun kjörins fulltrúa. Erindinu er vísað frá.

Áheyrnarfulltrúi Flokks fólksins leggur fram svohljóðandi bókun:

Fulltrúi Flokks fólksins lagði til að skipulagsyfirvöld hugi sérstaklega að leiksvæðum barna þegar verið er að þetta byggð. Tillögunni hefur verið vísað frá með þeim rökum að hér sé um að ræða skoðun kjörins fulltrúa. Það er sérkennileg að mati fulltrúa Flokks fólksins að þegar lagt er til að leiksvæðum barna sé hlíft sé sagt að það sé skoðun kjörins fulltrúa. Öllu má nú nafn gefa. Það er miður að þéttingarstefna meirihlutans í borgarstjórn gangi svo langt að skorið sé af leiksvæðum barna. Þetta á einnig við um græn svæði einnig sem ýmist er byggt á eða þau manngerð. Slíkur er ákafi þessa meirihluta að byggja á hverjum bletti. Það mætti vel fara einhvern milliveg, nóg er af landi og með tíð og tíma mun borgina verða að dreifast meira. Fulltrúi Flokks fólksins bendir á að Reykjavík er líka borga barnanna sem þar búa. Í allri þessari þéttingu má ætla að skólar þurfi ýmist að stækka eða byggja verði nýja. Varla verða eftir reitir fyrir slíkar framkvæmdir ef heldur sem horfir.

19. Laugavegur sem göngugata, nýtt (01.1) Mál nr. SN200577
deiliskipulag

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. apríl 2021 vegna samþykktar borgarstjórnar 20. apríl 2021 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Laugaveg sem göngugötu.

20. Skerjafjörður P5, deiliskipulag Mál nr. SN170833

Lagt fram bréf borgarstjóra dags. 23. apríl 2021 vegna samþykktar borgarstjórnar 20. apríl 2021 á tillögu að deiliskipulagi fyrir Skerjafjörð.

21. Fyrirspurn fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210129

Hver var áætlaður kostnaður við nýja hverfastöð við Fiskislóð? Hver var raunkostnaður við nýja hverfastöð við Fiskislóð? Hversu margir fermetrar voru malbikaðir?

Frestað

22. Fyrirspurn áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Húsværdunarsjóður Reykjavíkur. Mál nr. US210127

Húsværdunarsjóður Reykjavíkur. Þetta ár bárust 39 umsóknir og engin frá úthverfum, flestar í miðbæ og vesturbæ enda þar flest gömul hús, friðuð hús. Fulltrúi Flokks fólksins vill leggja fram fyrirspurn um hvort ekki væri rétt að skoða að tengja hverfisvernd Húsværdunarsjóði? Nú eru mörg úthverfi að komast á það stig að þau spegla tíðaranda þess tíma þegar þau voru byggð. Það ber að varðveita. Nú söknum við t.d bensínstöðva,-Nestisem aldrei urðu 100 ára. Með því að tengja hugmyndina um hverfisvernd við húsværdun (Húsværdunarsjóðs) opnast möguleikar á að vernda ákveðin stíl eða tíðaranda þess tíma þegar hverfið var byggt.

Frestað

23. Tillaga fulltrúa Sjálfstæðisflokksins, Mál nr. US210128

Lagt er til að bæta aðgengi fólks að vesturströndinni í Vesturbænum við Ánanaust. Umhverfis- og skipulagssviði verði falið að koma með tillögu að útfærslu fyrir 15. júní næstkomandi. Nú standa yfir endurbætur á sjóvarnargarði við Eiðsgranda og Ánanaust sem verður mun stærrí á eftir. Gert er ráð fyrir áningarstað fyrir ofan garðinn við Eiðsgranda en aðgengi að ströndinni verður mjög takmarkað. Á bak við sjóvarnargarðinn leynist nærri kílómetra löng falleg strönd með einstöku útsýni. Mikil gæði felast í því að geta setið við ströndina, enda er mikil upplifun að sjá sólsetrið og horfa á öldurnar við Ánanaust. Það myndi auka gæði þessa fallega útivistarstaðar að gera gott aðgengi fólks að þessum fallega stað þannig að unnt sé að ganga með öruggum hætti yfir garðinn og niður fyrir hann.

Frestað

24. Fyrirspurn frá áheyrnarfulltrúa Flokks fólksins, Hljóðvist Mál nr. US210130

Fyrirspurn um styrki til að skipta um gler í eigin húsnæði til að bæta hljóðvist. Hversu margir einstaklingar hafa fengið styrk til glerskipta í eigin húsnæði til að bæta hljóðvist á kjörtímabilinu? Hvernig er metið hvenær gata er hljóðmengandi og hvar eru hávaðamörkin dregin til að fá styrk frá borgarsjóði? Ef breytingar á götu af völdum borgarinnar, svo sem hraðaminnkun og verða til þess að hávaði minnkar, verða íbúðir/hús þá ekki lengur styrkhæfar? Er tekið tillit til efnahags umsækjanda þegar styrkur er veittur?

Frestað

**Fleira gerðist ekki.
Fundir slitið kl. 12:53**

Fundargerðin lesin yfir og undirrituð

Pawel Bartoszek

Hjálmar Sveinsson
Alexandra Briem
Katrín Atladóttir

Aron Leví Beck
Eyþór Laxdal Arnalds

**Afgreiðsla byggingarfulltrúa skv. viðauka 2.4 um embættisafgreiðslur
byggingarfulltrúa við samþykkt um stjórn Reykjavíkurborgar og fundarsköp
borgarstjórnar**

Árið 2021, þriðjudaginn 27. apríl kl. 10:10 fyrir hádegi hélt byggingarfulltrúinn í Reykjavík 1112. fund sinn til afgreiðslu mála án staðfestingar skipulags- og samgönguráðs. Fundurinn var haldinn í fundarherberginu 2. hæð Borgartúni 12-14. Þessi sátu fundinn: Björgvin Rafn Sigurðarson, Sigrún Reynisdóttir, Vífill Björnsson, Nikulás Úlfar Músson og Olga Hrund Sverrisdóttir. Fundarritari var Björgvin Rafn Sigurðarson.

Þetta gerðist:

Nýjar/br. fasteignir

1. Árskógar 2 (49.113.01) 112543 Mál nr. BN059185
670169-1549 Íþróttafélag Reykjavíkur, Skógarseli 12, 109 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir stafrænu skilti í stað núverandi flettiskilti við gatnamót Breiðholtsbrautar og Skógarsels, jafnframt er kannaður sá möguleiki á að hækka núverandi skilti eða koma því fyrir á gatnamótum Breiðholtsbrautar og Skógarsels/Stekkjarkakka.
Erindi fylgir bréf framkvæmdastjóra ÍR dags. 31. mars 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
2. Árvað 5 (47.311.01) 203628 Mál nr. BN059003
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050398 þannig að eldhús og salur eru stækkuð inn í núverandi aflokað rými leikskóladeildar Norðlingaskóla á lóð nr. 5 við Árvað.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda eldvarnareftirlits.
3. Básiendi 2 (18.240.10) 108382 Mál nr. BN059142
Arnar Konráðsson, Básiendi 2, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að hækka rishæð og innrétta stækkun íbúðar á 1. hæð, gera svalir á 1. hæð og klæða að utan með lerki einbýlishús á lóð nr. 2 við Básienda.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 12. janúar 2018.
Stækkun: xx ferm., xx rúmm.
Eftir stækkun: 239,4 ferm., 681,2 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
4. Bíldshöfði 12 (40.641.01) 110669 Mál nr. BN059198
470709-1540 Bílaútleigan ehf., Kaupúni 6, 210 Garðabær
Sótt er um leyfi til að breyta innra skipulagi húsnæðis, rými 03-0102 þannig að það þjóni verslun með bílavarahluti í húsi nr. 12 á lóð nr. 12 við Bíldshöfða.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á samþykktum uppdráttum dags. 13. maí 2018 og 24. janúar 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
5. Bíldshöfði 9 (40.620.01) 110629 Mál nr. BN059101

421014-1590 Opus fasteignafélag ehf., Katrínartúni 2, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að innrétta læknastofur í syðsta hluta 2. hæðar, komið verður fyrir fjórum nýjum snyrtingum, þar af eitt fyrir hreyfihamlaða, gerðir nýir gluggar, aksturshurð á suðurgafli fjarlægð og í staðinn gerð tvöfald hurð með gleri á húsinu á lóð nr. 9 við Bíldshöfða.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

6. Bólstaðarhlíð 47 (12.712.01) 186659 Mál nr. BN059062

570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að stækka stofu K-22B, flytja inngang, bæta flóttaleiðir og aðgengismál, setja leikport/verönd og útgeymslu á suðurhlíð, auk þess sem gerð er grein fyrir áður gerðum breytingum, sem eru þær að stofa K114F var hækkuð og innra skipulagi breytt í húsum Frístundarheimilisins Halastjarnan í Háteigsskóla, á lóð nr. 47 við Bólstaðarhlíð.

Stækkun 8,1 ferm., 21,1 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Askilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

7. Drekaogur 18 (14.150.01) 105146 Mál nr. BN058999

Guðmundur Þór Guðmundsson, Drekaogur 18, 104 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja gróðurhús við suðurhlíð bílskúrs, breytingar á innra skipulagi kjallara og gerð er grein fyrir áður gerðri 21,9 ferm. viðbyggingu við vesturhlíð bílskúrs á húsi nr. 18 á lóð nr. 18 við Drekaog.

Stækkun er: 40,0 ferm., VANTAR rúmm.

Erindi fylgir samþykki nágranna, eigenda húss nr. 20 við Drekaog dags. 27. febrúar 2021, umsögn skipulagsfulltrúa dags. 14. september 2017, yfirlit breytinga, aðaluppdráttur nr. 1.1-01 útg. A dags. 27. mars 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.

Gjald kr.12.100

Frestað.

Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021 og til athugasemda.

8. Fagribær 13 (43.515.01) 111147 Mál nr. BN059209

Jóhanna Sigurborg Jafetsdóttir, Fagribær 13, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja steinsteypa viðbyggingu á austurgafli einbýlishúss á lóð nr. 13 við Fagrabæ.

Erindi fylgir yfirlit breytinga.

Stækkun: 51,3 ferm., xx rúmm.

Eftir stækkun: 223,1 ferm., 787,9 rúmm.

Gjald kr. 12.100

Frestað.

Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

9. Grensásvegur 1 (14.600.01) 105655 Mál nr.
BN059146
670614-1310 Fasteignafélagið G1 ehf., Hlíðasmára 17, 201 Kópavogur
Sótt er um leyfi til niðurrifs á á fasteign 05-0101 undir fasteignanúmerinu F 2023276 á lóð nr. 1 við Grensásveg.
Stærð húsnæðis til niðurrifs er: 346,9 ferm., 1.319,4 rúmm.
Erindi fylgir bréf umsækjanda um niðurrif dags. 8. apríl 2021 og vottorð úr fyrirtækjaskrá dags. 3. apríl 2021.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
10. Grettisgata 18A (11.821.13) 101829 Mál nr.
BN059072
Charles William Crosland Palmer, Grettisgata 18A, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu til norðurs sem verður með steiptum kjallara og bárujárnsklæddri hæð úr timbri, við húsið á lóð nr. 18A við Grettisgötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 20. apríl 2021.
Stækkun húss: XX ferm., XX rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
11. Grjótháls 1-3 (43.024.01) 111016 Mál nr.
BN059157
590902-3730 Eik fasteignafélag hf., Sóltúni 26, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja dreifistöð, mhl. 02 við lóðamörk í vestur, gera nýja innkeyrslu á suðurhluta lóðar ásamt því að bæta við gluggum á austurgafli húss á lóð nr. 1-3 við Krókháls.
Erindi fylgir yfirlit breytinga.
Stærð: 28,4 ferm., 113,6 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
12. Haðaland 1-7 (18.640.01) 108809 Mál nr.
BN059211
Snorri Freyr Fairweather, Búland 22, 108 Reykjavík
Alma Ösp Arnórsdóttir, Búland 22, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja viðbyggingu, stækka bílskúr og gera breytingar á gluggum á húsi nr. 1 á lóð nr. 1-7 við Haðaland.
Stækkun er: 35,4 ferm., 173,3 rúmm.
Erindi fylgir hæðarblað fyrir haðaland 1-7 dags. 28. maí 1969, mæliblað nr. 1.864.0 dags. 4. mars 1966, bréf burðarþolshönnuðar dags. 20. apríl 2021 og orkuútreikningar dags. 20. apríl 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
13. Hestháls 15 (43.224.01) 174591 Mál nr.
BN059187
521115-1650 K7 ehf., Krókhálsi 11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að taka niður stálgrindarhús, fastanr. 222 3293, merkt 01 0101, iðnaður, á lóð nr. 15 við Hestháls.
Erindi fylgir bréf umsækjanda dags. 19. mars 2021 og umsókn um starfsleyfi dags. 13. apríl 2021.
Niðurrif: 375,8 ferm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.

14. Hestháls 15 (43.224.01) 174591 Mál nr. BN059069
- 521115-1650 K7 ehf., Krókhálsi 11, 110 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja einnar hæðar skrifstofuhús úr krosslímdum timbureiningum ásamt auglýsingaskiltarni við innkeyrslu á lóð nr. 15 við Hestháls.
Lögð er fram umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. ágúst 2020.
Erindi fylgja útreikningar á varmatapsramma dags. 19. mars 2021, bréf hönnuðar dags. 14. apríl 2021 og greinargerð hönnunarstjóra um ábyrgðarsvið hönnuða ódagsett.
Stærð, mhl. 01: 139,8 ferm., 378,4 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Uppfærðum uppdráttum vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
15. Hjarðarhagi 2-6 (15.524.01) 106511 Mál nr. BN059216
- 600169-2039 Háskóli Íslands, Sæmundargötu 2, 102
Sótt er um leyfi til að byggja lyftu utan á hús, breyta staðsetningum tveggja glugga á vesturhlið, breyta innra skipulagi og tilkynna áður gerðar breytingar á húsi nr. 5 við Brynjólfsgötu á lóð nr. 2-6 við Hjarðarhaga.
Stækkun er: [00,0] ferm., [00,0] rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga unnið á gildandi teikningum dags. 9. júní 1998.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Afla skal umsagnar Minjastofnunar Íslands.
16. Hólaland (00.044.003) 125716 Mál nr. BN059019
- 530720-1600 Andrastaðir hses., Barðastöðum 23, 112 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja búsetukjarna á einni hæð með sjö íbúðum auk sameiginlegra rýma á lóð með landnr. 125716, Hólaland.
Stærð: 646,5 ferm., 2.161,4 rúmm.
Erindi fylgja eftirfarandi aðaluppdrættir nr. A-0200, A-0201, A-0202, A-0203 og A-0210 dags. 15. mars 2021.
Jafnframt fylgir ódagsett samþykki umboð eiganda lóðar.
Gjald kr.12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Með vísan til samþykktar borgarráðs frá 1. september 1998 skal utanhúss- og lóðarfrágangi vera lokið eigi síðar en innan tveggja ára frá útgáfu byggingarleyfis að viðlögðum dagsektum sbr. greinar nr. 2.4.5 og 2.9.2 í byggingarreglugerð nr. 112/2012. Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
17. Hrefnugata 6 (12.473.03) 103364 Mál nr. BN059028
- Emil Húni Bjarnason, Hrefnugata 6, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058194 þannig að innra skipulagi á 2. hæð og í risi er breytt í fjölbýlishúsi á lóð nr. 6 við Hrefnugötu.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Afgreiðist með sömu stimplum og stofnerindi.
Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.
18. Iðunnarbrunnur 10 (26.937.04) 206080 Mál nr. BN059193
- 660918-0430 Byggingarfélagið Esjan ehf., Furuási 1, 221 Hafnarfjörður

Sótt er um leyfi til að gera breytingar á BN056622, breytingar á gluggum suður- og austurhlíðar húss á húsi nr. 10 á lóð nr. 10 við Iðunnarbrunn.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

19. Ingólfsstræti 16 (11.801.09) 101685 Mál nr. BN059143
Gunnar Þór Vilhjálmsson, Ingólfsstræti 16, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til breytinga innan íbúðar, þ.e. færslu á salerni og breytingar á burðarvirki í húsi nr. 16 á lóð nr. 16 við Ingólfsstræti.
Erindi fylgir samþykki eiganda eignar 01-0301 dags. 23. mars 2021, yfirlit breytinga á skýringarmynd dags. 23. mars 2021 og yfirlýsing burðavirkjahönnuðar vegna breytinga á burðarvirki dags. 23. mars 2021.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa.
20. Klapparstígur 1-7 (11.522.01) 101020 Mál nr. BN059219
Birgir Birgisson, Skúlagata 10, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að setja arinn í stofu í íbúð 0403 og þaksvalaglugga á norð-austurhluta þaks á 2.hæð ásamt því að stækka tvo þakglugga sem fyrir eru á húsi nr. 10 við Skúlagötu á lóð nr. 1-7 við Klapparstíg, landnúmer L 101020.
Erindi fylgir staðfesting samþykktar formanns stjórnar húsfélagsins dags. 25. febrúar 2021, bréf hönnuðar með skýringarmyndum dags. 20. október 2020, mælisblað nr. 1.152.2 dags. 22. ágúst 2011 og hæðarblað fyrir Klapparstíg 1-7A dags. október 1988.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
21. Kleppsmýrarvegur 11 (14.273.01) 230847 Mál nr. BN059206
530269-7609 Reykjavíkurborg, Ráðhúsinu, 101 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að koma fyrir þremur smáhýsum úr krosslímdum tímureiningum á lóð nr. 11 við Kleppsmýrarveg.
Stærð, mhl. 01, A-rými: 33,1 ferm., 99,9 rúmm.
B-rými: 2,4 ferm., 5,5 rúmm.
Mhl. 02, A-rými: 30,1 ferm., 92,2 rúmm.
B-rými: 2,4 ferm., 5,5 rúmm.
Mhl. 03, A-rými: 30,1 ferm., 92,2 rúmm.
B-rými: 2,4 ferm., 5,5 rúmm.
Samtals A-rými: 93,3 ferm.
Samtals B-rými: 7,2 ferm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
22. Kringlan 4-12 (17.210.01) 107287 Mál nr. BN059017
530117-0650 Reitir - verslun ehf., Kringlunni 4-12, 103 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN057769 þannig að innra skipulagi rýma 0104 og 0206 og útisvæði sunnan við rými 0104 er breytt í samræmi við meðfylgjandi teikningar af húsi nr. 4-6 á lóð nr. 4-12 við Kringlan.
Stækkun: 47,3 ferm., 52,4 rúmm.
Erindi fylgir yfirlit breytinga og aðaluppdraettir nr. 05-02-S282, 05-03-S382 dags. 9. maí 2020 með tilv. breytinga dags. 16. mars 2021 og 05-skrán.02 dags. 16. desember 2013 með tilv. breytinga dags. 16. mars 2021.

Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 9. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.

Gjald kr. 12.100

Samþykkt.

Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.

Afgreiðist með sömu stimulum og stofnerindi.

Skilyrt er að ný eignaskiptayfirlýsing sé samþykkt fyrir útgáfu byggingarleyfis, henni verði þinglýst eigi síðar en við lokaúttekt.

23. Kuggavogur 2 (14.515.01) 225189 Mál nr. BN059067
- 710817-0810 ÞG hús ehf., Lágmúla 7, 108 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN058761 þannig að gólfkóti kjallara er lækkaður og bætt við hæð ofaná hús A, sem er Dugguvogur 13 á lóð nr. 2 við Kuggavog.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 22. mars 2021, brunahönnun frá Mannvit dags. 23. mars 2021 og yfirlit breytinga.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 9. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 12. apríl 2021.
Stækkun, A-rými: 520 ferm., 2.527,1 rúmm.
Eftir stækkun, A-rými: 12.973,5 ferm., 39.377,6 rúmm.
B-rými: 677,8 ferm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Lagfæra skráningu.
24. Laugavegur 46 (11.731.02) 101519 Mál nr. BN057908
- 641115-0100 S&H Invest ehf., Valhúsabraut 33, 170 Seltjarnarnes
Sótt er um leyfi til að stækka verslunarrými á 1. hæð ásamt því að sameina íbúðir efri hæða í eitt fastanúmer og breyta í gististað í flokki II, tegund b fyrir 14 gesti í húsi á lóð nr. 46 við Laugaveg.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.
Erindi fylgir bréf rekstraraðila ódags.
Gjald kr. 11.000
Frestað.
Með vísan í bréf skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.
25. Laugavegur 51 (11.730.24) 101511 Mál nr. BN059175
- Vigdís Rún Jónsdóttir, Hafnarstræti 3, 600 Akureyri
Sótt er um leyfi til að breyta notkun rýmis 00-0000 úr atvinnuhúsnæði í íbúð og setja léttbyggðar svalir á norðurhlíð á húsi nr. 51 á lóð nr. 51 við Laugaveg.
Erindi fylgir afrit af umsögn skipulags dags. 6. apríl 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
26. Lækjargata 10 (11.412.01) 100895 Mál nr. BN059162
- 560807-0660 Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að steypa nýjan stiga á framhlíð og tröppur á bakhlið, innréttar sýningarými á 1. hæð og í risi, koma fyrir pallalyftu í bíslagi sem þjónar kjallara og 1. hæð, innréttar veitingastað í fl. II, teg. A fyrir 45 gesti í kjallara auk þess að byggður er glerskáli yfir fornminjagarð sem tengir Skólalábrú 2 og Lækjargötu 12 við umrætt hús á lóð nr. 10 við Lækjargötu.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 26. mars 2021 og Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021.
Glerskáli, hluti á lóð: 133 ferm., 446,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100

Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.

27. Lækjargata 12 (11.412.03) 100897 Mál nr.
BN059161
560807-0660 Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um lýtis háttar breytingar á 1. hæð til að tengjast glerskála sem byggður verður yfir fornleifagarð og tengir Lækjargötu 10, Skólalbrú 2 við hótél á lóð nr. 12 við Lækjargötu.
Erindi fylgir Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021 og umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 8. apríl 2021..
Glerskáli, hluti á lóð: 6 ferm., 32,1 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
28. Reynimelur 29 (15.413.01) 106331 Mál nr.
BN058750
Halldór Benjamín Þorbergsson, Reynimelur 29, 107 Reykjavík
Guðrún Ása Björnsdóttir, Reynimelur 29, 107 Reykjavík
Sótt er um leyfi til þess að breyta útliti allra glugga, stækka hurð út á svalir á bílskúrpaki og setja rennihurð, grafa frá suður- og vesturhlið kjallara, síkka glugga og setja rennihurð út í garð og gera stoðveggi á lóð nr. 29 við Reynimel.
Erindi fylgir minnisblað burðarvirkishönnuðar dags. 8. febrúar 2021, samþykki eiganda íbúðar 0001 dags. 5. febrúar 2021 og yfirlit breytinga á A3 afriti af teikningum samþykktum 6. apríl 2004.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt umsögn skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021. Einnig fylgir bréf skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Með vísan til umsagnar skipulagsfulltrúa dags. 21. apríl 2021 og til athugasemda.
29. Rofabær 7-9 (43.343.02) 111076 Mál nr.
BN059181
460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að rífa verslunar- og skrifstofuhús, fastanr. 2044706, merkt verslun, 200,8 ferm., fastanr. 2044711, merkt verslun-vörugemysla, 366,3 ferm., fastanr. 2044712, merkt verslun-iðnaður 176,2 ferm., fastanr. 2044713, merkt verslun 41,2 ferm., á lóð nr 7-9 við Rofabæ.
Niðurrif, mhl. 01, Rofabær 7: 200,8 ferm., 766 rúmm.
Mhl. 02, Rofabær 9: 583,7 ferm., 1.929 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Samþykkt.
Samræmist ákvæðum laga nr. 160 / 2010.
Áskilin lokaúttekt byggingarfulltrúa. Áskilið samþykki heilbrigðiseftirlits.
30. Rofabær 7-9 (43.343.02) 111076 Mál nr.
BN059106
460616-0770 Rofabær 7-9 ehf., Dalapíngi 12, 203 Kópavogur
Sótt er um leyfi til að byggja tveggja og fjögurra hæða steinsteypt fjölbýlishús með 31 íbúð, einangrað og klætt að utan, á kjallara með 27 bílastæðum, 38 hjólastæðum og atvinnu- og þjónusturýmum á hluta jarðhæðar á lóð nr. 7-9 við Rofabæ.
Erindi fylgir minnisblað um hljóðráðgjöf frá Myrru hönnunarstofu dags. 23. febrúar 2021 og brunavarnartexti frá Lotu, dags. 21. apríl 2021.
Útskrift úr gerðabók embættisafgreiðslufundar skipulagsfulltrúa frá 21. apríl 2021 fylgir erindi, ásamt bréfi skipulagsfulltrúa dags. 26. apríl 2021.
Stærð, A-rými: 3.894,2 ferm., 12.290,6 rúmm.
B-rými: xx ferm., xx rúmm.
Samtals A- og B-rými: xx ferm., xx rúmm.
Gjald kr. 12.100

Frestað.
Vísað til athugasemda.

31. Rökkvatjörn 5 (50.514.02) 226839 Mál nr.
BN059212
450209-0900 Umbrella ehf., Víðihlíð 6, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að gera breytingar á erindi BN058902, breytingar eru gerðar á gluggum suður hliðar, lóðarhönnun og innra skipulagi 2. hæðar á húsi nr. 5 á lóð nr. 5, matshlutum 1-4 við Rökkvatjörn.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
32. Skólabrú 2 (11.412.13) 100903 Mál nr.
BN059163
560807-0660 Höfuðborgareignir ehf., Sigtúni 28, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að dýpka kjallara um 15 cm., grafa frá bakhlið og útbúa verönd þar, breyta innra skipulagi og innrétta 8 gistirými fyrir 28 gesti ásamt því að gluggar og þak verða endurnýjuð í upprunalegri mynd, hús sléttþússað og málað og nýr inngangur gerður úr glerskála sem byggður er yfir fornminjar og tengir Lækjargötu 10 og 12 við hús á lóð nr. 2 við Skólabrú.
Erindi fylgir umsögn Minjastofnunar Íslands dags. 24. mars 2021 og Greinargerð hönnunar dags. 10. mars 2021.
Stækkun kjallara: xx rúmm.
Glerskáli, hluti á lóð: 99,8 ferm., 510 rúmm.
Gjald kr. 12.100
Frestað.
Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
33. Stórholt 37 (12.462.12) 103319 Mál nr.
BN059166
Jóhann G Kolbrúnarson, Stórholt 37, 105 Reykjavík
Aldís Sveinsdóttir, Stórholt 37, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að byggja kvisti í samræmi við áður samþykktu uppdrætti á húsi nr. 37 á lóð nr. 37 við Stórholt.
Stækkun er: [00,0] ferm., [00,0] rúmm.
Erindi fylgir samþykki eigenda Stórholtis nr. 37 dags. 13. apríl 2021, bréf hönnuðar dags. 13. apríl 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.
34. Úlfarsbraut 122-124 (50.557.01) 205755 Mál nr.
BN059140
570480-0149 Reykjavíkurborg - eignasjóður, Borgartúni 10-12, 105 Reykjavík
Sótt er um leyfi til að breyta erindi BN050934, þar sem hliðarhengdum hurðum í rafdrifnar rennihurðir með brotropa í inngöngum Dalskóla á húsi nr. 122-124 á lóð nr. 122-124 við Úlfarsbraut.
Erindi fylgir bréf hönnuðar dags. 7. apríl 2021.
Gjald kr.12.100
Frestað.
Vísað til athugasemda.

Fyrirspurnir

35. Dalaland 10-12 (18.502.01) 108757 Mál nr.
BN059179
Guðmundur Þórhallsson, Búland 11, 108 Reykjavík
Spurt er hvort leyft yrði að breyta svölum í kjölfar viðgerða á fjölbýlishúsi á lóð nr. 10-12 við Dalaland.
Afgreitt.
Sækja þarf um byggingarleyfi sbr. leiðbeiningar á umsagnarblaði.

36. Efstasund 10 (13.550.13) 104326 Mál nr. BN059240
 Vilhelm Sigfús Sigmundsson, Efstasund 10, 104 Reykjavík
 Spurt er hvort leyft yrði að endurbyggja og innrétta íbúð í bílskúr á lóð nr. 10 við Efstasund.
 Frestað.
 Málinu vísað til umsagnar skipulagsfulltrúa.
37. Eyktarás 5 (43.722.03) 111310 Mál nr. BN059242
 Helga Lára Bjarnadóttir, Eyktarás 5, 110 Reykjavík
 Spurt er hvort leyft yrði að setja glugga á norðurgafli húss á lóð nr. 5 við Eyktarás.
 Meðfylgjandi erindi er tillaga að breytingu.
 Jákvætt.
 Sækja skal um byggingarleyfi sbr. leiðbeiningar á umsagnarblaði.
38. Fannafold 165 (28.517.09) 109974 Mál nr. BN059178
 Roswitha M. Kreye Finnbogason, Fannafold 165, 112 Reykjavík
 Spurt er hvort leyft yrði að byggja gróðurhús á lóð nr. 165 við Fannafold.
 Afgreitt.
 Framkvæmd krefst ekki byggingarleyfis, sbr. leiðbeiningar á umsagnarblaði.
39. Fiskakvísl 13 (42.362.02) 110934 Mál nr. BN059237
 Sigurgeir Arinbjarnarson, Flétturimi 33, 112 Reykjavík
 Spurt er hvort samþykkt yrði xx sem íbúð í fjölbýlishúsi á lóð nr. 13 við Fiskakvísl.
 Frestað.
 Gera þarf betur grein fyrir rými xx í erindi.
40. Hávallagata 36 (11.374.17) 100687 Mál nr. BN059239
 Ingólfur Hannesson, Hávallagata 36, 101 Reykjavík
 Guðrún Bjarnadóttir, Hávallagata 36, 101 Reykjavík
 Spurt er hvort leyft yrði að byggja smáhýsi á lóð nr. 36 við Hávallagötu.
 Afgreitt.
 Samanber leiðbeiningar á umsagnarblaði.
41. Hvassaleiti 34 (17.243.06) 107308 Mál nr. BN059241
 Stefán Ingi Þórhallsson, Kjarrvegur 4, 108 Reykjavík
 Nína Björg Ottósdóttir, Snæland 3, 108 Reykjavík
 Spurt er um leyfi hvort hægt sé að skrá matshluta 01-0102 sem samþykkt íbúð í húsi nr. 34 á lóð nr. 34 við Hvassaleiti.
 Erindi fylgir skissa teikningar af breytingu.
 Nei.
 Samræmist ekki ákvæðum byggingarreglugerðar nr. 112/2012 um íbúðarhúsnæði.
42. Víkurás 2 (47.202.01) 112370 Mál nr. BN059177
 Sigríður Kristín Sigþórsdóttir, Víkurás 2, 110 Reykjavík
 Spurt er hvort leyft yrði að færa eldhús innan íbúðar í fjölbýlishúsi á lóð nr. 2 við Víkurás.
 Frestað.
 Fyrirspyrjandi hafi samband við embætti byggingarfulltrúa.

**Fleira gerðist ekki.
 Fundi slitið kl. 12:23.**

Björgvin Rafn Sigurðarson

Nikulás Úlfar Másson
Vífill Björnsson

Sigrún Reynisdóttir
Olga Hrund Sverrisdóttir